

Lög

um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007 (rekstrarleyfisskyld gististarfsemi).

1. gr.

Á eftir 1. málsli. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Rekstrarleyfisskyld gististarfsemi innan þéttbýlis skal vera í samþykktu atvinnuhúsnæði.

2. gr.

Við 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: að á aðaluppráttum sé tilgreint að húsnæði tilheyri notkunarflokki 4 samkvæmt byggingarreglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 30. apríl 2024.